

Stjórnarfundur Myndlistarmiðstöðvar

16.01.2024

Kl. 12:00

Gimli, Lækjargötu 3

Mætt á fund voru: Elísabet Gunnarsdóttir, Ingibjörg Sigurjónsdóttir, Margrét Áskelsdóttir, Pétur Thomsen og Örn Alexander Ámundason.

Einnig sat fundinn Auður Jörundsdóttir.

Fundardagskrá:

- Kosning formanns og ritara Myndlistarmiðstöðvar.**
Auður bar fram tillögu að breyttri dagskrá svo kjósa mætti formann og ritara stjórnar. Breytt dagskrá var samþykkt af fundarmönnum.
Elísabet var kosin áfram formaður til eins árs og Pétur ritari.
- Samningur við Menningarmálaráðuneyti**
Auður leggur fram til kynningar og umræðu drög að nýjum rekstrarsamningi við Menningar- og iðskiptaráðuneytið. Rætt var um skiptingu á fjármagni á milli verkefna og þau nýju verkefni sem fram koma í samningnum.
- Fjárhagsáætlun 2024**
Stjórn samþykkir að auka fjármang í ferðastyrki í að minnsta kosti 4 milljónir á ári. Rædd var hækkun á fundarþóknun stjórnar og formanns stjórnar frá því fyrir ári síðan og greiðslur skilgreindar betur. Greitt eru 15.000 krónur fyrir hvern fund stjórnar. En aldrei meira en 150.000 krónur á ári, jafnvel þó að fundir geti verið fleiri en 10 á ári. Formaður fær greitt 22.500 fyrir hvern fund (50% hærra en almennur stjórnarmaður). Fagráð fær greitt 15.000 fyrir hvern fund auk 15.000 fyrir undirbúning hvers fundar, enda liggur mikil vinna í yfirverð á umsóknum til fagráðsins.
- Umræður um heimasíðu og viðburðadagatal, Tinna Guðmundsdóttir kemur inn á fundinn og ræðir við stjórn.**
Rætt um skilgreiningar og flokkun á rýmum sem nýtt eru fyrir myndlist. Í dag koma skilgreiningarnar frá sýningarrýmum/aðilunum sjálfum. Stjórn leggur til að Myndlistarmiðstöð ráðleggi þeim sem þörf þyki á hvernig skal skilgreina rýmin. Formaður leggur til að þetta verði rætt á breiðari grunni og málið tekið upp hjá fulltrúaráði Myndlistarmiðstöðvar.
- Önnur mál**
Á næsta fundi stjórnar verður rætt um hvernig vali á næsta Feneyjarfara verður háttað.
Næsti fundur verður haldinn 13. febrúar kl. 12.00